

Einsleitur grunnur íslenskra viðskeyta

1. Inngangur

Þegar orðmyndun er skoðuð frá samtímalegu sjónarmiði koma einatt upp ótal spurningar um afmörkun viðfangsefnisins.¹ Það er t.d. iðulega ekki ljóst hvaða tegundir orðmyndunar eru frjóar, og hverjar eru ekki lengur nothæfar við nýmyndun orða. Sumar aðferðir við orðmyndun, t.d. notkun ákveðinna viðskeyta, eru ekki lengur notaðar nema af málfræðingum sem fást við nýyrðasmíð; og óljóst er hvert gildi slík orðmyndun hefur í samtímalegri mállýsingu. Það getur líka oft verið erfitt að skera úr því hvað almennir málnotendur skynja sem sérstaka orðhluta; oft getur verið verulegur munur á tilfinningu þeirra hvað þetta varðar og þeirri greiningu sem málfræðingar aðhyllast af lærdómi sínum. Einnig er oft erfitt að ákvarða við hvað skuli miða í greiningu orðmyndunareininga; bæði form og merkingu, eða láta formið eitt duga.

Á seinni árum hefur orðmyndunarfræði verið mikið stunduð erlendis, ólíkt því sem var á fyrri árum generatífrar málfræði. Upphaf þess er oft rakið til greinar Halle (1973), »Prolegomena to a Theory of Word Formation«; en þekktasta ritið er án efa bók Aronoffs (1976), *Word Formation in Generative Grammar*. Í henni eru settar fram nýjar skilgreiningar á ýmsum hefðbundunum hugtökum, s.s. sjálfu morfeminu. Ein meginkenning Aronoffs er sú að orð séu mynduð af orðum, en ekki með samröðun morfema; og morfemið sé ekki »minnsta merkingarbær eining málsins«, heldur gegni **orðið** því hlutverki. Aronoff tekur sem sé merkinguna að miklu leyti út úr hefðbundinni skilgreiningu morfemsins, og telur að skilgreina verði það að mestu leyti út frá formlegum rökum. Hann tekur dæmi af tilteknum viðskeytum í ensku, sem koma fyrir í ýmsum orðum þar sem erfitt er að finna sameiginlegan merkingarþátt. »Sama« viðskeytið hagar sér hins vegar alltaf á sama hátt, hefur sömu áhrif á stofn o.s.frv.

Ekki hafa allir fallist á hugmyndir Aronoffs, enda varla við því að búast; eigi að síður er óhætt að segja að þær hafi mótað mjög alla umfjöllun um orðmyndunarfræði innan generatífrar málfræði síðan bókinn kom út.

Hins vegar er auðvitað ekki því að neita, að eftir sem áður er oft auðvelt að greina orðin niður í hluta. Og eftir sem áður er oft og iðulega hægt að greina ákveðna merkingu eða hlutverk í hverjum eða hvorum hluta. Spurningin er þá: Getum við sagt að stundum sé **morfemið** hin »minnsta merkingarbæra eining« og stundum sé **orðið** það? Líklega verðum við á endanum að svara því að þarna séu tvö svið eða lög; annars vegar hafi morfemin sína merkingu, og hins vegar orðið í heild. Í samsettum orðum hefur tengingin sjálf oftast nær einhverja ákveðna merkingu, bætir einhverju við merkingu samsetningarliðanna eða hnikar henni eitthvað til; merking samsetningarinnar verður sjaldnast ráðin algerlega af merkingu samsetningarliðanna. Þetta á getur jafnvel átt við um hin frjóstu viðskeyti, eins og *-legur*. Orðin *barnslegur* og *barnalegur* hafa talsvert ólíka merkingu, sem alls ekki verður rakin til þess að í öðru orðinu er *-legur* skeytt við ef.et. en í hinu við ef.ft. Það merkir talsvert annað að segja að kona sé *kvenleg* en að hún sé *konuleg*. Við getum e.t.v. lýst þessu einhvern veginn svona:

1)	orð		Hér lesa menn merkingu
	/	\	samsetningarinnar út úr
	[[morfem] + morfem]		einstökum hlutum hennar
			fremur en orðinu í heild.
	merking	merking	

¹ Þetta er fyrirlestur sem fluttur var á 3. Rask-ráðstefnu Íslenska málfræðifélagsins 19. nóvember 1988. Hann hefur verið snyrtur aðeins til, en er efnislega að mestu óbreyttur. Ég þakka Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir styrk til verksins.

2)	orð / [[morfem] + morfem]	merking	Hér lesa menn merkinguna bæði út úr orðinu í heild og líka einstökum hlutum.
3)	orð	merking	Hér er merkingin eingöngu lesin út úr orðinu í heild.

Svo má líta þannig á að eftir því sem orðið er meira notað, eldist og verður mönnum tamara í munni, færast merkingin smátt og smátt frá sviði morfemanna yfir á svið orðsins. Þarna spilar auðvitað margt inn í, s.s. hversu algeng morfemin eru, hvernig hljóðfræðilegum tengslum þeirra er háttað, o.s.frv.

2. Tilgátan um einsleitan grunn

Hér er ætlunin að skoða dálítið eitt þeirra lögmála sem Aronoff setur fram í bók sinni og telur gilda um orðmyndun með aðskeytum almennt. Það hefur verið kallað »The Unitary Base Hypothesis« (UBH), eða »Tilgátan um einsleitan grunn«, og er orðað svo: »We will assume that the syntacticosemantic specification of the base, though it may be more or less complex, is always unique« (Aronoff 1976:48). Þetta táknar að sérhvert aðskeyti geti aðeins tengst orðum af ákveðinni tegund; grunnurinn (the base) verður að vera einsleitur (unique).

Nú vitum við vel að svona er þetta venjulega; sama viðskeytið tengist yfirleitt ekki bæði nafnorðum og sögnum, sögnum og lýsingarorðum, nafnorðum og lýsingarorðum o.s.frv. Oft á tíðum er þetta auðskiljanlegt og eðlilegt út frá merkingarlegum og/eða setningafræðilegum forsendum. Mörg viðskeyti hafa ákveðna merkingu, sem aðeins virðist geta samrýmst ákveðnum orðflokkum. Sem dæmi getum við tekið viðskeytið *-un*, sem oftast hefur verknadarmerkingu; *X+un* merkir 'það að X-a'. *litun* merkir 'það að lita', *hönnun* merkir 'það að hanna', *verkun* merkir 'það að verka', o.s.frv. Þetta krefst því þess að einhver verknadur felist í X, þ.e. stofnorðinu. **bílun* væri þannig óhugsandi af no. *bill*, vegna þess að það felur ekki í sér verknad. Sum viðskeyti eru aftur á móti þess eðlis (t.d. svo almennrar eða óljósrar merkingar) að þau ættu ekki að útiloka mismunandi stofnorð af slíkum ástæðum; en samkvæmt UBH á slíkt samt ekki að koma til.

3. Þáttgreining orðflokka

Þegar íslensk orðmyndun er athuguð kemur fljótlega í ljós, að enda þótt það sé langalgengast að hvert viðskeyti tengist aðeins orðum af einum ákveðnum orðflokki eru frá því fjölmargar undantekningar. Ýmis viðskeyti geta t.d. tengst bæði nafnorðum og lýsingarorðum, s.s. *-dómur* (*ungdómur*, *vísdomur*, *sjúkdómur*; *konungdómur*, *manndómur*, *þrældómur*); *-látur* (*ranglátur*, *hæglátur*, *lítillátur*; *dramblátur*, *þakklátur*, *hljóðlátur*); *-læti* (*hreinlæti*, *seinlæti*; *þakklæti*); *-rænn* (*fjarrænn*; *myndrænn*, *lífrænn*, *vélrænn*, *harmrænn*); *-semi* (*góðsemi*; *iðjusemi*, *reglusemi*); *-erni* (*víðerni*; *faðerni*, *þjóðerni*). Önnur tengjast sögnum og lýsingarorðum, s.s. *-ni* (*ráðvendni*, *tvöfeldni*, *tvíræðni*, *blindni*, *virgni*, *færni*).

Þetta þarf þó ekki að vera brot á UBH. Aronoff (1976:48 nm) og Scalise (1984) halda því nefnilega fram að hana beri að túlka svo að hún byggist á X-bar kenningu Chomskys (1970) og þáttakerfinu sem henni tengist. Samkvæmt því má aðgreina fjóra meginorðflokka, no., lo., so. og fs., með tveim þáttum [\pm N] og [\pm V], á þennan hátt:

	no.	lo.	so.	fs.
N	+	+	-	-
V	-	+	+	-

Með því að nota þáttamerkinguna [+N] er því hægt að ná bæði til nafnorða og lýsingarorða, enda eiga þau sitthvað sameiginlegt. [+V] nær á hinn bóginn til bæði lýsingarorða og sagna, sem líka eru tengsl á milli.

Aftur á móti er ekkert sameiginlegt með t.d. no. og so. samkvæmt þessu. Viðskeyti sem tengist bæði no. og so. væri því gagnðæmi gegn UBH, en hvorki viðskeyti sem tengdist no. og lo. (þau hafa þáttinn [+N]), né viðskeyti sem tengdist lo. og so. (sem hafa þáttinn [+V]).

Því er auðvitað ekki að neita að þetta þáttakerfi hefur oft verið gagnrýnt, og reynt að gera á því endurbætur. Spyryja má hvað eigi að gera við orðflokka sem ekki eru nefndir þarna, s.s. atviksorð; og einnig hafa sumir talið að kerfið gæfi ekki kost á að lýsa sameiginlegri hegðun orðflokka í öllum tilvikum þar sem þess væri þörf.

4. Íslensk viðskeyti

Hér verður einkum litið á nokkur af algengustu viðskeytum málsins; *-ari*, *-un* og *-leg*. Tvö þau fyrstnefndu mynda nafnorð, en það síðastnefnda lýsingarorð. Öll eru þessi viðskeyti frjó í nútímamáli, þ.e. þau eru notuð við nýmyndun orða. Það er venjulega talið skipta máli; þegar um er að ræða viðskeyti sem ekki eru lengur frjó má frekar búast við ýmsum óregluleika í myndun og hegðun orða sem hafa þau að geyma. Þannig nefnir Scalise (1984) nokkur dæmi úr ítölsku sem virðast brjóta gegn UBH, og hafnar sumum á þeirri forsendu að þau séu ekki frjó í málinu, og alltaf megi búast við afbrigðilegri hegðun hjá eldri orðum. En það ætti að vera hægt að nota áðurnefnd íslensk viðskeyti til að ákvarða gildi UBH.²

Hér verður þó strax að slá varnagla. Scalise (1984) heldur því fram að UBH sé ekki nóg; nauðsynlegt sé einnig að setja fram »Unitary Output Hypothesis« (UOH), sem heimilar ekki að tiltekið form sé talið sama viðskeytið ef útkoman telst til mismunandi orðflokka eða hefur ólíka merkingu. Þannig væri t.d. *-ing-* í *Íslendingur* og *-ing* í *breyting* ekki talið sama viðskeytið, því að þar er augljós merkingarmunur á, auk þess sem annað myndar karlkynsorð en hitt kvenkynsorð. Þess vegna verður hér á eftir skoðað sérstaklega hvort ástæða sé til að greina samhljóða viðskeyti sundur á þessum forsendum.

4.1 -un

Lítum fyrst á viðskeytið *-un*. Áður var nefnt að af merkingarlegum ástæðum væri erfitt að tengja það öðrum orðflokum en sögnum. Þó er hægt að finna dæmi um *-un*-orð sem ekki virðast eiga sér beinar samsvaranir í sögnum. *umbun* styðst ekki við neina sögn; aftur á móti er so. *umbuna* leidd af því, og er víst óhætt að segja að hér sé ekki um viðskeytið *-un* að ræða. Orðið *þrepun* er hins vegar gefið í *Orðabók Menningarsjóðs*, í merkingunni 'það að gera (smíða) e-ð í þrepum'. Sögnin **þrepa* er ekki til, þannig að *þrepun* virðist leitt af no. *þrep*.

Erfitt er að meta hvernig fara skuli með orðið *sálusorgun*. Sögnin **sálusorga* er ekki til, né heldur **sorga*. Þetta orð hlýtur því að vera myndað af no. *sorg*; samsetningin **sálusorg* er ekki til mér vitanlega, né heldur **sorgun* eitt sér. Hvernig sem að er farið verður hér að gera ráð fyrir einhverjum grunni eða millistigi í afleiðslu sem ekki kemur fram sem sjálfstætt orð.

Við þetta má svo bæta þrem nýyrðum, einu leiddu af fn. og tveim af st. Það fyrstnefnda er *mérun*, sem Halldór Halldórsson hefur notað um það sem venjulega er kallað »þágufallssýki«. Þetta orð er auðvitað formi til hliðstætt *þérun*, en sá munur er á að so. *þéra* er til, en so. **méra* ekki. Reyndar segir höfundur orðsins, Halldór Halldórsson, í neðanmálgrein: »*Mérun* [...] er myndað af *mér* á sama hátt og *þérun* af *þér*«. Nú er fornafna ekki getið í þáttakerfi Chomskys (1970), en eðlilegast er að telja þau hafa sömu þætti og nafnorð, þ.e. [+N, -V] - og hugsanlega einhverja viðbótarþætti til aðgreiningar frá nafnorðum. Hvað sem því líður verður ekki séð að þessi orðmyndun samrýmist UBH.

Svo eru það tvö orð, og raunar fjögur ef samsetningar eru taldar, sem koma fyrir í *Tölvuorðasafni* (1986); það eru *eðun* og *ogun* (og samsetningarnar *néedun* og *néogun*). Þessi orð eru mynduð af aðaltenging-

² Hér er byggt á dæmum sem ég hef safnað úr íslensku nútímamáli; bæði úr textum af ýmsum toga og einnig úr orðabókum, þ. á m. *Orðabók Menningarsjóðs* (1983) og *Orðabók um slangur slettur bannorð og annað utangarðsmál* (Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson 1982).

unum *eða* og *og*, en sagnirnar **eða* og **oga* hafa aldrei verið notaðar, svo að ég viti. Eins og áður var nefnt er það þó vissulega vafamál hvernig meðhöndla skuli slíka »lærða« orðmyndun; hvað segir hún um virkar reglur málsins?

4.2 -ari

Lítum nú á *-ari*. Því er langoftast skeytt við sagnir, og útkoman af *X+ari* verður `sá sem *X-ar/-ir/-ur*'. Reyndar er misjafnt hvort þar er um að ræða mann eða tæki; *kennari*, *leikari*, *ritari* eru dæmi um hið fyrri-nefnda, *dreifari*, *lyftari*, *þurrkari* um hið síðarnefnda. Enn önnur geta svo merkt hvorttveggja, t.d. *prentari*.

Þó eru ýmis dæmi um að *-ari*-orð verði ekki tengd sögnum. Í fyrsta lagi er þar um að ræða tökuorð, t.d. *meistari*, *tatari*, *grallari*, *kjallari*, *skreðari*. Þótt sum þessara orða hafi svipað notkunarsvið og *-ari*-orðin yfirleitt, þ.e. séu notuð um menn og feli í sér vísun til eðlis þeirra eða athafna, er ástæðulaust að láta þau spilla UBH.

Eitt dæmi a.m.k. er í málinu um að *-ari*-orð sé dregið af lýsingarorði. Það er orðið *töffari*, sem augljóslega er leitt af lo. *töff*; so. **töffa* er ekki til. Eins og áður segir spillir þetta þó ekki fyrir, því að lo. og so. hafa sameiginlega þáttinn [+V].

En svo eru þónokkur dæmi þar sem ekki verður betur séð en *-ari*-orð séu mynduð af nafnorðum. Til sumra þeirra svara að vísu sagnir, en þær hafa þá að einhverju leyti annað hljóðafar; hins vegar svara *-ari*-orðin beint til nafnorða. Sem dæmi má nefna *dómari*, sem svarar beint til no. *dómur* en síður til so. *dæma*; *þófari*, sem svarar beint til no. *þóf* en síður til so. *þæfa*; *svikari*, sem svarar beint til no. *svik* en síður til so. *svíkja*; *gjafari*, sem svarar beint til no. *gjöf* en síður til so. *gefa*; *syndari*, sem svarar beint til no. *synd* en síður til so. *syndga*; *söngvari*, sem svarar beint til no. *söngur* en síður til so. *syngja*; (*sjó*)*sóknari*, sem svarar beint til no. *sókn* en síður til so. *sækja*; o.fl.

Sum þessara orða eiga sér hins vegar engar skyldar sagnir. Þannig er t.d. um *fiðlari*, *hvalari* o.fl., þ. á m. *sálusorgari*, en myndunarsaga þess er óljós eins og orðsins *sálusorgun* sem nefnt var hér að framan. Það verður ekki betur séð en slík orð séu raunveruleg gagndæmi gegn UBH, nema því aðeins að hægt sé að styðja það rökum að þetta *-ari* sé ekki það sama og *-ari* í þeim orðum sem eru leidd af sögnum. Vissulega er ekki hægt að umorða þetta á sama hátt og segja að *fiðlari* sé `sá sem fiðlar' eða `sá sem er fiðla'. Ef merkingarlýsingin er hins vegar orðuð á almennari hátt held ég að vel sé hægt að sættast á að hér sé um hið sama að ræða.

Enn vandast málið ef við athugum að algengt er að skeyta *-ari* við ýmis nöfn, t.d. staða og íþróttafélaga. Lítum á orð eins og *Sandari*, *Ólsari*, *Hólmari*, *Króksari*, *Framari*, *Valsari*, *Þórsari*, *Týrari* o.s.frv. Hér er enginn vafi að grunnorðið er nafnorð; engar sagnir koma til greina. En er þetta þá sama viðskeytið?

Um það má auðvitað deila. Ég held þó að enginn vafi sé á að þarna er sögulega séð sama viðskeyti á ferðum. Ef við lítum svo á að merking *-ari* sé ekki endilega `sá sem gerir', heldur `sá sem einkennist af', eða þul., þá sýnist mér líka verjandi að segja að merkingarmunurinn sé ekki meiri en sá sem við má búast þegar viðskeytið tengist mismunandi orðflokkum.

4.3 -legur

Þá er það langalgengasta og frjóasta viðskeyti málsins, *-legur*. Það tengist mjög oft bæði nafnorðum og lýsingarorðum; *kjánalegur*, *vandræðalegur*, *grátlegur*, *ellilegur*, *mannlegur*; *hraustlegur*, *heillegur*, *hlýlegur*, *illilegur*. Þetta er allt í lagi, eins og áður segir, því að lo. og no. hafa sameiginlega þáttinn [+N].

Á hinn bóginn eru líka fjölmörg dæmi um að *-legur* tengist sögnum. Þá er venjulega haft með *-(a)n*; *vætanlegur*, *heyranlegur*, *þolanlegur*. Ekki verður betur séð en þetta sé fullkomlega virkt; hægt er að segja *spælanlegur*, *fílanlegur* o.s.frv. Spurningin er hvernig eigi að líta á þetta *an* - eða er það kannski bara *n*?. Það kemur ekki fyrir nema með *-legur*; ekki er hægt að líta á þetta sem tvímynd við *un*. Hins vegar eru orðin án *-legur*, aðeins með *-an*, ekki til; **vætan*, **heyran*, **þolan*. Verður þá ekki bara að líta á *-(a)n* sem bandstaf(i)? A.m.k. verður það að vera hluti reglunnar, því að ófýsilegt er að hafa þessi orð og merkja þau

[-lexical insertion]. Ef *an* er ekki notað í orðmyndun af sögnum kemur hins vegar *i* sem bandstafur og hljóðverpt mynd af þátíð sagnanna; *bærilegur*, *ætilegur* (eða *beranlegur*, *étanlegur*); (*meðlfærilegur*. (*hæfilegur*?)

Þó eru til dæmi þar sem *-legur* bætist beint við rót sagnarinnar, a.m.k. *gerlegur*.

En það er ekki nóg með að *-leg-* tengist öllum þremur meginorðflokkunum, no., lo. og so.; og útkoman úr því tilheyrir ýmist lo. eða ao. Er þetta þá fleiri en eitt viðskeyti; og ef svo er, þá hversu mörg? Sex?

Ef við berum þetta fyrst að UOH þá er ljóst að merkingarlega er ekkert því til fyrirstöðu að flokka lo. *sennilegur* og ao. *sennilega* saman. Hins vegar er það svo að samkvæmt orðflokkapáttum generatífrar málfræði hafa lo. þættina [+N, +V] en ao. [-N, -V]; sem sé ekkert sameiginlegt. Þetta virðist því útiloka að hér sé talið um sama viðskeytið að ræða.

Ef við athugum svo tengslin við stofnorðið þá er svipað uppi á teningnum; ekki er ástæða til að kljúfa *-legur* í mörg viðskeyti á merkingarlegum forsendum, en þáttakerfið virðist banna það. Hvernig á að bregðast við því? Svipuð dæmi virðast vissulega koma upp í öðrum málum, eins og Aronoff (1976) og Scalise (1984) rekja úr ensku og ítölsku; en þeir halda því fram að þar sé ekki um sama viðskeytið að ræða, heldur tvö (eða fleiri) viðskeyti sem vilji svo til að hafi sama hljóðfræðilegt form. Er möguleiki að rökstyðja slíkt í íslensku? Ég veit það ekki; en það er þó ljóst að orðmyndun með *-legur* af hinum ýmsu orðflokkum lýtur dálítið mismunandi lögmálum. Þar erum við komin að hinum svokölluðu »readjustment rules« Aronoffs (1976), sem hann skiptir í »Truncation rules« og »Allomorphy rules«.

Viðskeytið *-leg* er hægt að nota á no., lo. og so.; *hryssingslegur*, *góðlegur*, *gerlegur*. Mismunandi reglur gilda um orðmyndunina. Í lýsingarorðum er *-legur* oftast bætt beint við stofninn, og ekki margt sem veldur sérstökum vandræðum þar. Athugið þó að stundum bætist *-legur* aftan við annað lýsingarorða-viðskeyti, þ.e. *-ugur*; *sniðuglegur*. Og hvað er *-in-* í *leiðinlegur*?

Í nafnorðum er hins vegar um ýmislegt að ræða. Sennilega er algengast að *-legur* sé bætt við eignarfallið, s.s. *myndarlegur*, *asnalegur*; einnig er til að því sé bætt við stofninn, sbr. *mannlegur*, *daglegur*. En hvað er með orð eins og *skemmtilegur*; er *i* þar bandstafur?

En líklega er ekkert viðskeyti málsins jafn fjölbreytt á margan hátt; það er hægt að nota á meginorðflokkana þrjá, það er notað til myndunar orða af tveim flokkum, það hefur margs konar fyrri lið, tengsl þess við fyrri liðinn eru með mörgu móti, o.s.frv. Athugið líka að *-legur* hefur einhvern veginn meiri merkingu en önnur viðskeyti, og er auk þess tiltölulega auðþekkkjanlegt.

4.4 Önnur viðskeyti

Skoðum svo aðeins nokkur sjaldgæfari og ófrjórrí viðskeyti.

-ildi tengist oftast lýsingarorðum eða nafnorðum, þegar hægt er að tengja það við einhvern orðflokk á annað borð; *þunnildi*, *seigildi*; *skrípildi*. Hins vegar er til orðið *mígildi*, sem eðlilegast er að tengja so. *míga*.

-indi tengist langoftast lo.; *fríðindi*, *illindi*, *leiðindi*, *hlýindi*. Þó eru til dæmi um að það tengist no., t.d. *saurindi*. Þá er eðlilegt af merkingarlegum ástæðum að *réttindi* sé dregið af no. *réttur*, en ekki af lo. *réttur*. En einnig eru til dæmi um að *-indi* bætist við so., t.d. *gróindi*, *klæindi*.

-átta tengist no., lo. og so.: *veðráttá*, *vinátta*; *víðátta*; *kunnátta*.

Hér gætu því verið á ferðum einhver gagndæmi gegn UBH. Vegna þess að þessi viðskeyti eru lítt eða ekki frjó, og einnig vegna þess að merking þeirra er ekki sérlega skýr eða afmörkuð, er þó hæpið að byggja mikið á þeim.

5. Niðurstöður

Niðurstaða þessarar athugunar er því sú að enda þótt UBH gildi í stórum dráttum í íslensku, þá sé hægt að finna ýmis dæmi sem ekki verður séð í fljótu bragði hvernig geta samrýmst tilgátunni.

Það er hins vegar flóknara mál hvað á að gera við UOH. Mér finnst margt benda til að þeirri tilgátu megi hafna; það er engin ástæða til að greina milli þess *-leg-* sem myndar lýsingarorð og hins sem myndar

atviksorð, vegna þess að merkingin er hliðstæð og orðmyndunin virðist lúta sömu lögmálum.

Svipað verður uppi á teningnum ef litið er á viðskeytið *-ó*, sem er á seinni árum mjög frjótt í orðmyndun. Það tengist bæði *no.* og *lo.*; *Sígló, Menntó, Kvennó, leyndó; púkó, sveitó, rómó, samfó*. Deila má um hvort merkingin sé þar sú sama, því að erfitt er að festa hendir á henni; en hitt virðist ljóst að **hlutverkið** er hliðstætt; að stytta stofnorðið. Vegna þess að *-ó* tengist bara *no.* og *lo.*, sem hafa sameiginlega þáttinn [+N], er það ekki brot á UBH þótt sagt sé að um sama viðskeytið sé að ræða; en UOH krefst þess að svo sé gert. Slík sundurgreining er þó a.m.k. í andstöðu við máltilfinninguna, og ég sé ekki að hægt sé að styðja hana neinum málfræðilegum rökum.

Heimildir

- Aronoff, Mark. 1976. *Word Formation in Generative Grammar*. MIT Press, Cambridge, Mass.
- Chomsky, Noam. 1970. Remarks on Nominalization. A. Jacobs & P.S. Rosenbaum (ritstj.): *Readings in English Transformational Grammar*, bls. 184-221. Ginn and Co., Waltham, Mass.
- Halldór Halldórsson. 1982. Um méranir. Drög að samtímalegri og sögulegri athugun. *Íslenskt mál* 4:159-189.
- Halle, Morris. 1973. Prolegomena to a Theory of Word Formation. *Linguistic Inquiry* 4:3-16.
- Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson & Örnólfur Thorsson. 1982. *Orðabók um slangur slettur bannorð og annað utangarðsmál*. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Orðabók Menningarsjóðs*. 1983. Ritstj. Árni Böðvarsson. 2. útg. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Scalise, Sergio. 1984. *Generative Morphology*. Foris, Dordrecht.
- Tölvuorðasafn*. 1986. Ritstj. Sigrún Helgadóttir. 2. útg. Íslensk málstöð, Reykjavík.